

Stjórnarfundur

Leiðögn, félag Leiðsögumanna

30.apríl 2020

Fjarfundur

Fundur hófst kl. 14:10. Mættir: Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir, Óskar Kristjánsson, Svanbjörg H. Einarsdóttir, Helga Kristjánsdóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir og Þorsteinn S McKinstry

Dagskrá:

1. Fyrri fundargerðir. Lögð fram fundargerð síðasta fundar. Samþykkt án athugasemda. Eldri útafstandandi fundargerðir einnig samþykktar.
2. Skipan ritara. Vilborg stakk upp á Þorsteini sem gaf kost á sér og var hann samþykktur án mótakvæða.
3. Fjármál félagsins. Ársuppgjör vel á veg komið og er niðurstaðan jákvæð fyrir síðasta ár. Fyrirsjáanlegt hrun í tekjum félagsins vegna atvinnuleysis félagsmanna. Gera þarf ráðstafanir þess vegna. Því miður þarf að segja öðrum starfsmanni félagsins upp störfum. Framkvæmdastjóra félagsins var þess vegna sagt upp frá 1. maí en mun vinna fram yfir aðalfund og fylgja eftir nokkrum af þeim málum er í gangi eru og á hans ábyrgð. Starfsmaður á skrifstofu fer á hlutabætur og verður staðan endurmetin í maí. Þetta mun þýða aukið álag á formann og aðra stjórnarmenn.
4. Endurmenntunarsjóður mun styrkja Leiðsögn vegna þróunar vefs - gagnagrunns. Einnig mun endurmenntunarsjóður standa undir kostnaði vegna könnunnar sem Háskólinn að Hólum framkvæmir fyrir Leiðsögn. Endurmenntunarsjóður samþykkti að styrkja fimm fyrirlestra og námskeið sem Leiðsögn heldur í samvinnu við EHÍ. Ákveðið var að staðfestingar/kráningargjald fyrir félag vegna þessara námskeiða væru eitt þúsund krónur pr. féлага pr. námskeið.
5. Covid mál. Formaður greindi frá fundum með ASÍ þar sem úrræði VMST voru skoðuð og rædd. Fylgjast verður vel með útgreiðslum og afgreiðslum VMST á erindum leiðsögumanna. Rædd voru nokkur þekkt dæmi um afgreiðslur.
6. Önnur mál
7. Aðalfundi frestað fram í byrjun júní. Kanna hvort 9. júní henti. Skrifstofu falið að finna hentugan fundarstað. Athuga með að streyma fundinum.
8. Formaður kynnti samtal milli félagsins og EHÍ um raunfærnismat. Skoða aðkomu VMST og ríkis vegna kostnaðar. Einnig er til skoðunar hvort löggilding/lögverndun eigi erindi með þessum málum á þessum tíma.
9. Rædd voru veikindadagamál og rekstur sjúkrasjóða vegna sérstöðu ráðningarstöðu félagsmanna. Hugmyndir um samvinnu og sameiningarmál við önnur félög ræddar ásamt frekari umræðu um löggildingamál/lögverndunarmál.

10. Svanbjörg og Helga taka að sér að skoða í samvinnu við VMST orlofsmál ferðaráðinna lsm.
11. Guðný spurðist fyrir um kostnað við að legja og reka skrifstofu hjá ASÍ samanborinn við aðra kosti.
12. Rætt um að skoða verkferla annarra félaga og samskipti við VMST

Fundi slitið kl 15:45

Fundarritari Þorsteinn S McKinstry